



Alþingi  
Erindi nr. **P** 135/3137  
komudagur 4.9.2008

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi heilbrigðisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. september 2008

0805513SA/JF  
Tilv.: 261

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi heilbrigðisnefndar Alþingis, dags. 16. maí sl. Sambandið gerir eingöngu athugasemd við 12. tl. 59. gr. frumvarpsins og er beðist velvirðingar á því hve seint umsögnin er send nefndinni.

#### Um 12. tl. 59. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að meðan tímabundnir samningar við sveitarfélög um rekstur heilbrigðisþjónustu eru í gildi teljist starfsmenn áfram ríkisstarfsmenn og að um laun þeirra og önnur starfskjör þeirra fari eftir sömu kjarasamningum og fyrr. Þannig verða engar formbreytingar á ráðningarstöðu þeirra. Ekki er kveðið á um hvernig fari um ráðningarstöðu starfsmannanna við endurnýjun þjónustusamninga en ætla má að það sé í andstöðu við 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að starfsmenn sem gegna sömu störfum hjá sama vinnuveitanda njóti mismunandi kjara.

Sambandið leggur ríka áherslu á að réttindi starfsmanna séu tryggð þegar gerðir eru þjónustusamningar milli ríkis og sveitarfélaga og að enginn vafi ríki um réttarstöðu starfsmanna gagnvart atvinnuveitanda. Jafnframt er þó mikilvægt að starfsmenn vinnuveitanda njóti sambærilegra kjara og er það mikið kappsmál sveitarfélaganna að tryggja starfsmönnum sínum sömu kjör fyrir sömu störf. Með hliðsjón af efnisreglu ákvæðisins er sveitarfélögum gert illmögulegt að tryggja að jafnræðis sé gætt meðal starfsmanna sinna.

Sambandið leggur því til að ákvæðinu verði breytt þannig að þegar kjarasamningur starfsmanna við ríkið rennur út taki starfsmenn laun samkvæmt kjarasamningi við Launanevnd sveitarfélaga eða, eftir atvikum, viðkomandi sveitarfélag. Er þessi breytingartillaga í samræmi við 2. mgr. 3. gr. laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti nr. 72/2002 þar sem kveðið er á um að virða skuli áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.



Að lokum er vakin athygli á því að í frumvarpsákvæðinu felst efnisregla sem eðlilegra væri að kveða á um í sjálfum lögnum fremur en í bráðabirgðaákvæði við þau.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

---

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræðisviðs